


DEILISKRÁNING FORNLEIFA Á SUÐUR-FOSSI VERKEFNISNÚMER: 3117




Dr. Kevin Martin
Fornleifafræðingur
Sóltún 6A, Hvanneyri.
Sími: 7734748
Netfang: irisharch@gmail.com
2023

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Lög um skráningu fornleifa á Íslandi	8
Fyrri fornleifaskráningar í nágrenni	8
Skoðun á gagnagrunninum Sarpi.....	12
Skoðun á eldri kortum af svæðinu.....	12
Fornleifaskráning rannsóknarsvæðisins	15
Ráðleggingar.....	17
Heimildaskrá.....	21

*Forsíðumynd: Kort af deiliskipulaginu ásamt rannsóknarsvæði. (KM 2023)

Inngangur



Mynd 1: Staðsetning rannsóknarsvæðisins (rauður punktur) á Suður-Fossi, Mýrdalshreppi (Bing Sat. Basemap)

Í september 2023 hafði landeigandi á Suður-Fossi, Ásgeir Ingi Einarsson, samband við höfund og óskaði eftir fornleifamati á landi hans (Mynd 1). Landeigandi er að byrja á fyrstu stigum umsóknar um framkvæmdarleyfi til sveitafélagsins og taldi mikilvægt að óska eftir deiliskráningu fornleifa á áætluðu framkvæmdarsvæði. Svæðið sem rannsakað var er um 0,5 ha (Mynd 2).

Suður-Foss er staðsettur í Mýrdalshrepp um 332m vestur af Reynishverfisvegi nr. 215 við enda vegs nr. 2212. Rannsóknarsvæðið afmarkast af austri af hlíðum Reynisfjalls (334m). Til vesturs af rannsóknarsvæðinu er brött brekka niður að engjum sem hafa verið framræstar. Til suðurs frá rannsóknarsvæðinu er malarvegur kringum landsvæði sem líklega hafa verið tún gamla bæjarins á Suður-Fossi og aðeins sunnar er snotur foss sem bærin dregur líklega nafn sitt. (Mynd 9). Beint

í norður er bærinn Mið-Foss og Norður-Foss. Mest af rannsóknarsvæðinu hefur verið raskað við nútíma uppbyggingu, annað hvort vegna bygginga eða vegagerðar, sérstaklega í norðurhluta þess. Hálf endurgerð gripahús eru staðsett í miðju rannsóknarsvæðisins og tengjast við opið malarplan sem í dag geymir ýmis byggingarefni, gáma og affallsefni o.þ.h. (Mynd 8). Lítið beitarhólf er til norðausturs af planinu sem talið er vera upprunalega hluti af Norður-Fossi. Gróið engi er til suðurs sem er óslétt og í halla. (Sjá kafla með ráðleggingum fyrir nánari upplýsingar).

Miðjuhnit svæðisins eru **63.434445, -19.063659 (63°26'067"N, 19°3'820"W)**, ISN93: **496821, 325465**. Fornleifaskráningin fékk leyfisnúmer **3117** frá Minjastofnun Íslands. Næstu friðlýstu fornleifar eru Þórishaugur (nr. **85000801**) sem er í 1 km fjarlægð (frá jaðri 100m helgunarsvæðis) suður af viðkomandi svæði. Auk þess eru í 2,7 km fjarlægð friðlýstar fornleifar við Helli, Bæjarhellir/Baðstofuhellir (nr. **85000101, 85000102**) (Mynd 3). Fyrir utan fyrr taldar minjar eru fáar skráðar minjar, fornleifauppgreftir eða rannsóknir sem hafa verið gerðar á svæðinu.

Saga svæðisins

Eftirfarandi texti gefur innsýn í sögu Suður-Foss:

„Suður-Foss er byggður á jörðinni Foss II. Bærinn stendur á allhárri brekkubrún vestan þjóðvegarins sem liggur suður í Reynishverfi. Neðan við brekkurnar eru engjar allt að Hvammsá sem er í mörkum milli Fossjarða og Hvamms, blautar og ekki grasgefnar. Öll mýrin hefur verið ræst fram og þriðjungur hefur þegar verið ræktaður, einnig mestallt land Fossjarða beggja sem liggur ofan brekkubrúnar inneftir svonefndum Fossholtum. Engin hlunnindi fylgja jörðinni en hún á upprekstur í afréttarland hreppsins (Höfðabrekkufrétt). Rafstöð 1930-1963 með N-Fossi, nú samveitुरafmagn.

Byggingar – Íbúðarhús byggt 1962 úr steinsteypu, rétt við gamla bæinn, 600m³. Húsið er ein hæð og kjallari under því öllu. Á hæðinni eru 5 herbergi, eldhús of baðherbergi, í kjallara er 1 íbúðarherbergi, geymslur og bílskúr, einnig er í kjallaranum díselrafstöð til vara. Fjós fyrir 30 kýr, lausagöngufjós fyrir 35 unguneyti, fjárhús fyrir 180 kindur, hesthús fyrir 10 hross, þurrheyshlöður 1.500m³, votheyshlöður 135m³ og vélageymsla 144m².


Fasteingnamat 1922: Land 2,800kr., hús 1.100kr. Fasteingnamat 1976: Land 2.827.000 kr., hús 10.116.000 kr. Tún 40ha. Áhögn 1976-77: 236 kindur, 28 kýr, 26 geldneyti og 8 hross.

Ábúendur: Runólfur Runólfsson of Guðný Ólafsdóttir 1885-1903. Skafti Gíslason og f. k. Margrét Jónsdóttir (til 1912) og s. k. Guðbjörg Nikulásdóttir (frá 1912) 1903-1924. Sigurjón Skaftason of stjúpa hans Guðbjörg Nikulásdóttir 1924-1943. Sigurjón Skaftason og Sigríður Steingrímsdóttir 1943-1948. Geir Einarsson of Einar Einarsson 1948-1972, með frænku sinni Sigríði Finnbogadóttur frá árinu 1953 sem ráðskonu. Frá 1972: Finnbogi Gunnarsson, f. 17.8.1947 í Reynisdal, með móður sinni Sigríði Finnbogadóttur. Finnbogi er eigandi mannvirkja og jarðarinnar að hálfu á móti Einari Einarssyni.

Fossjarðir voru að stofni til þrjár: Foss I, II og III en um 1923 voru jarðirnar Foss I og III sameinaðar og nefndar Norður-Foss. (Sunnlenskar Byggðir VI, 1985, p.416-417)



Mynd 2: Kort sem sýnir rannsóknarsvæðið að Suður-Fossi í rauðu.



Mynd 3: Friðlýstar/Friðað fornleifar í nágrenni Suður-Foss (Minjastofnun Íslands gagnagrunnur)¹

¹ Athugið að kortið sýnir aðeins friðlýstar minjar í minna en 3 km fjarlægð frá rannsóknarsvæðinu.

Lög um skráningu fornleifa á Íslandi

Eftirfarandi tilvitnanir eru af vefsíðu Minjastofnunar Íslands (www.minjastofnun.is). Þar kemur fram núverandi löggjöf á Íslandi er varða fornleifar (Lög um menningarminjar nr. 80/2012). Allar ráðleggingar varðandi fornleifar sem fram koma fylgja þeim lögum í hvívetna. Frekari skýringar á löggjöfinni má finna í hlekknum hér að neðan.²

Forngripir eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkömum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Umhverfis friðaðar fornleifar er 15 metra friðhelgað svæði og gilda sömu reglur um það svæði og um fornleifarnar sjálfar. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á fornleifum og á friðhelguðu svæði umhverfis þær eru óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður telst hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Umhverfis friðlýstar fornleifar er 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

1. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
2. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
3. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
4. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir,

² <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

5. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
6. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
7. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
8. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
9. skipsflök eða hlutar þeirra.

Varðveislustig fornminja eru tvö: friðun og friðlýsing. Fornminjar (forngripir og fornleifar), 100 ára og eldri, eru sjálfkrafa **friðaðar** nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Þá eru skip og bátar eldri en 50 ára sjálfkrafa **friðuð**.

Friðlýsa má fornleifar, skip og báta sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Ráðherra ákveður friðlýsingu að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands.

Fyrri fornleifaskráningar í nágrenni

Fimm fornleifarannsóknir hafa verið skráðar á svæðinu en þær innihéldu ekki Suður-Foss (Mynd 4).

- 2023 Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, **(3115)** Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit í landi Norður Víkur í Mýrdal.
- 2022 Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, **(2757)** Fornleifaskráning vegna breytinga á deiliskipulag í landi Suður Víkur í Mýrdal.
- 2021 Bjarni F. Einarsson , **(2811)** Fornleifaskráning í Mýrdalshreppi vegna vegagerðar.
- 2004 Katrín Gunnarsdóttir, **(2607)** Fornleifaskráning í Vík í Mýrdal. Norður-Vík/Suður-Vík og húsakönnun: Könnun og mat á húsum í Vík.
- 2000 Bjarni F. Einarsson , **(2639)** Fornleifaskráning vegna deiliskipulags við Dyrhólaey í Mýrdalshreppi, V-Skaftafellssýslu.



Mynd 4: Svæði sem sýna fyrri fornleifarannsóknir (3115), (2757), (2811), (2607) og (2639) í Mýrdalshreppur. Rauði punkturinn sýnir svæðið á Suður-Fossi (3117) sem um ræðir (Minjastofnun Íslands, gagnagrunnur).

Skoðun á gagnagrunninum Sarpi

Höfundur skoðaði gagnagrunninn Sarp og fann eina tilvísun fyrir hlut skráðan frá Suður-Fossi. Það er Hnappagataspaði, **S. 2247**. Í lýsingu segir: Afhent af Kristbjörgu Magneu Gunnarsdóttur í Skógum. Frá móður hennar, Sigríði Finnbogadóttur í Vík í Mýrdal: Hnappagataspaði. Var áður í eigu Einars Einarssonar bónda á Suður-Fossi.³

Nokkur örnefni eru skráð í nágrenni rannsóknarsvæðisins og má finna lista með þeim öllum hér að neðan:

Ari Gíslason skráði. Þórður Tómasson hafði til endurskoðunar og skilaði 12.01.1976.⁴

*Norður-Foss og Suður-Foss eru jarðir í Mýrdal, næst norðan við Reynishverfið. Örnefni skráði hér sem annars staðar Magnús Finnbogason en getur ekki heimildarmanns. Sumarið 1964 var það borið undir Sigursvein Sveinsson bónda á Fossi sem gerði við það nokkrar athugasemdir. Fyrir og eftir síðustu aldamót voru 4-5 búendur á Fossi, 2 voru á Suður-Fossi, 2 á Norður-Fossi og einn var á Bóli sem var mitt á milli bæjanna. Nú búa aðeins tveir á jörðinni, annar á Norður-Fossi en hinn á Bóli sem nú heitir Suður-Foss. Land jarðarinnar er óskipt og er á hæðum sem heita **Fossholt** (1) og eru vestan við **Fossgil** (2), það er Saurukeldan sem svo heitir hér á kafla. Vestan í þessum hæðum eru brekkur, en fyrir neðan þær er flatlendi og blaut mýri sem nær að **Hvammsá** (3) að vestan og norður að Gatnamýri. Holtin ná að þverkeldu skammt norðan við þjóðveginn og að Fossgili, sem fyrr segir, að austan. Eru merkin eftir því að **Svartabakka** (4) sem er framan við brúna að austanverðu. Þá eru merkin girðing suður í Rauðuflá (5) og úr henni vesturí Hvammsá norðan við Hellnabakka. Frá Svartabakka rennur lækurinn gegnum Fossland að Dalsmýri.*

*Sunnan við lækinn er Suðurfoss og þar heitir túnið **Suðurtún** (6) og í suðausturhluta þess var mýri sem búið er að þurrka, hún hét **Veita** (7). Vestan við lækinn var svo kallað **Stöðlar** (8). Norðan við lækinn er svo **Bólið** (9), þangað var Suður-Fossbærinn fluttur. Norðan við það er svo **Norðurtún** (10). Framan við túnið er svo Svartibakkinn, sem fyrr var getið. Austan við veginn upp með gilinu að vestan heita **Fossjaðrar** (11). Niður við lækinn þar sem gamli vegurinn lá yfir er smáhellisbrík sem heitir **Fosssel** (12). Upp af túninu er stór hæð, sem heitir **Langholt** (13). Þar upp og inn af er **Stafholt** (14). Á því er vallendi sem nær inn að þjóðvegi, og suðvestur af því er Svarthamrabak (15), mest af því er í Gatnalandi. Svarthamrar eru smáhamrar í brekkubrún sunnan við Götur en þeir munu allir vera í Gatnalandi.*

*Brekkurnar fyrir sunnan lækinn heita **Suðurbrekkur** (16). Í læknum er allhár foss kenndur við bæinn og nefndur **Fossfoss** (17). Við hann er heimilisrafstöð. Sunnan við fossinn er **Fúkaból** (18), það er gamall draugaskúti, og neðan við þetta ból er **Fúkabólsbrekka** (19). Nyrzt í suður brekkum eru gamlir götuslóðar, gamall heybandsvegur frá Suður-Fossi sem heitir **Suðursnið** (20). Norðan við fossinn taka við **Norðurbrekkur** (21) og eru í þeim götur sem heita **Fosssnið** (22). Þá tekur við dálítill flöt sem heitir **Stekkatún** (23). Upp af því er **Stekkatúnsbrekka** (24).*

³ <https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=241027>

⁴ <https://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=585400>

Vestur af Langholti heita allar brekkurnar **Fossbrekkur** (25) og engin sérnöfn í þeim nema Stekkatúnsbrekkan. **Merkikambur** (26) Er syðst í Smágiljum, sunnan við hann Víkursnið. Þ.T. er uppi á brúninni, er á merkjum móti Götum. Innan við hann í Gatnalandi eru Smágil en utan við hann í landi Foss er **Fossmýri** (27). Innst í mýrinni heita **Innstuskipti** (28) sem ná niður að **Víkurteigum** (29) en það er ítak sem Víkurjarðir eiga í Fosslandi fyrir kúabeit austur í Vík í Skefnadal. Þ.T.


Gvendarbrunnur er lind í Suðurbrekkum á Fossi. Þangað var sótt vatn handa veiku fólki. Grænikíll var í Fossmýri. Þ.T. Er það allt að 100 hesta engi. Þetta eru bakkar með Hvammsá, eggslétt en hefur ekki verið nytjað frá Vík um árabil. Nú nytjað frá Fossi.

Í mýrinni myndast tveir mýrarvatnslækir, sá syðri **Botnlangalækur** (30) og rennur í Hvammsá. Hinn hét, því hann er horfinn, **Vikurgarðslækur** (31). Fyrir sunnan Víkurteig er **Bakkaskipti** (32) er nær að Hellnabökkum. Austur af því er Oddskelda en þá er komið í Þórisholtsland. Bakkarnir fram að Hleypilæk heita **Lækjarengi** (33) og þar norður af er svo Fossmýrin sem fyrr hefur verið getið. Er þá lokið örnefnum í Fosslandi.


Skoðun á eldri kortum af svæðinu

Höfundur skoðaði eldri kort af viðkomandi svæði til að sjá hvort þau sýndu vísbendingar um fornleifar. Á korti Herforingjaráðs (1905-1915) er bærin Suður-Foss merktur inn en staðsettur sunnar á kortinu og utan rannsóknarsvæðisins (Mynd 5). Líklega er það vegna ónákvæmni gps punkta (georefrencing) á sögukortinu. Byggingarnar tvær táknaðar með svörtum kössum sýna líklega staðsetningu gömlu bæjanna Mið-Foss / Suður-Foss. Bæjarstæði Norður-Foss er einnig sýnt sem og lækurinn Fosslækur sem rennur suður af bæjunum.


Þá voru einnig skoðuð gömul túnakort. Engin túnakort fundust í gangagrunninum skráð á Suður-Foss og telur höfundur að túnakort Norður-Foss innihaldi einnig land Suður-Foss. Samkvæmt sögulegum gögnum sem talin eru upp hér að framan var bæjunum skipt upp árið 1923.



Mynd 5: Herforingjaráðskort (1905-1915) sýnir útlínu Suður-Fosssvæðisins. Rauða örin sýnir staðsetninguna sem höfundur telur rannsóknasvæðið vera. (Landmælingar Íslands).



Mynd 6: Norður-Foss túnakort frá 1928. Neðra svæðið er talið tilheyra Suður-Fossi. (Teikn. Jón Ólafsson)



Mynd 7. Rannsóknarsvæðið hnitað yfir túnakort Norður-Foss⁵

⁵ Athuga skal að þessi staðsetning er túlkun höfundar. Túlkunin er að mestu byggð á líkindum formsins af landamerkjum Norður-Foss við landamerki norðurhluta rannsóknarsvæðisins.

Fornleifaskráning rannsóknarsvæðisins

Höfundur yfirfór Suður-Foss rannsóknarsvæðið 15. september 2023. Allt svæðið var gengið og skoðað á einum degi í góðu veðri. Könnunin var framkvæmd með Trimble GeoExplorer 6000 Series handmæli til að skrá mögulegar fornminjar og skráningarupplýsingar fluttar inn í QGIS og lagaðar að svæðinu.⁶

Alls voru 6 minjar skráðar (Tafla 1). Tvær af þeim eru með minjagildi 5 og fjórar með minjagildi 3. Aðeins tvær þeirra (Nr. 3117-01, 3117-05) eru mögulegar fornminjar sem eru yfir 100 ára og falla undir lög um varðveislu fornminja og þarfnast 15m helgunarsvæðis í kringum sig. Athugað skal að af þessum tveimur minjum er aðeins Nr. 3117-01 innan rannsóknarsvæðisins. Hinar fjórar (nr. 3117-02, 3117-03, 3117-04, 3117-06) eru túlkaðar sem áhugaverðar menningarminjar og taldi höfundur nauðsynlegt að taka þær inn í þessa skýrslu.

⁶ Athuga skal að höfundur hefur bætt inná nokkrum mögulegum minjum rétt fyrir utan rannsóknarsvæðið. Þær sýna mögulegar fornminjar á svæðinu en eru ekki innan rannsóknarsvæðisins sem um ræðir í þessari rannsókn. Allar framtíðar framkvæmdir utan umrædds rannsóknarsvæðis **3117** þyrftu að vera í samráði við Minjastofnun Íslands til að ákveða hvort rannsaka þurfi það svæði frekar.

Nr	Teg.	Hættumat, Hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Friðlýst	Mótv.
3117-01	Túngarður	Framkvæmdir, Líklegar	Sæmilegt/lélegt	Frá 1928 ⁷ mögulega eldri	Mið, 5	Nei	Rannsókn
3117-02	Veggir úr grjóti	Framkvæmdir, Líklegar	Sæmilegt/lélegt	1960-1970 ⁸	Lítið, 3	Nei	Ljósmyndun / skrifleg skráning fyrir framkvæmd
3117-03	Veggir úr grjóti	Framkvæmdir, Líklegar	Sæmilegt/lélegt	1960-1970 ⁹	Lítið, 3	Nei	Ljósmyndun / skrifleg skráning fyrir framkvæmd
3117-04	Reykkofi	Framkvæmdir, Líklegar	Sæmilegt	1960-1980?	Lítið, 3	Nei	Engar
3117-05	Steyptur veggur, mögulega tengt rafstöð	Framkvæmdir, Ólíklegar	Sæmilegt	1930- 1963 ¹⁰	Lítið, 3		Engar
3117-06	Möguleg rúst af tveimur rýmum og vegg	Framkvæmdir, Ólíklegar	Sæmilegt/lélegt	1850-1950?	Mið, 5	Nei	Rannsókn

Tafla 1. Tafla yfir skráðar fornleifar/minjar í landi Suður-Foss

⁷ Þetta er ártal er frá tíma sem sýnir landamerki á túnakorti (Mynd 6). Bæjunum var skipt upp skv sögulegum heimildum svo það gæti sýnt að landamerkin séu frá 1920 eða fyrr

⁸ Þetta ártal er skv. fyrrum landeiganda

⁹ Þetta ártal er skv. fyrrum landeiganda

¹⁰ Þetta ártal er svk. fyrri sögu bæjarins



Mynd 8: Minjar sem fundust við fornleifarannsóknina staðsettar við rannsóknarsvæðið. (KM 2023)

Ráðleggingar

Minjar sem fá einkunn hærri en 5 ætti að forrannsaka og meta svo framhaldið. Þegar rannsaka þarf einfaldar fornleifar eins og túngarða eða svipuð mannvirki er oft gerður þverskurður gegnum þau og snið teiknað upp. Við þá vinnu finnast stundum munir sem gefa vísbendingu um aldur. Svæðið er myndað og leitað er eftir gjóskulagi til að aldursgreina ef þurfa þykir.

Þrjár minjar voru greindar með fornleifagildi 5 (Mynd 8). Fjórar aðrar minjar/svæði með menningarsögulegt gildi voru einnig greindar. Þó þær falli ekki undir lög um varðveislu eða friðun er mikilvægt að skrá þær ef talið er að framkvæmdir gætu raskað þeim. Sú skráning ætti að innihalda ljósmyndun og skriflega lýsingu.

Mögulega eru aðeins túngarður (3117-01) og vegghleðslur (3117-02), (3117-03) í hættu vegna tilvonandi framkvæmda. Landeigendur eru meðvitaðir um þessar minjar og hefur þegar verið tilkynnt um staðsetningu þeirra. Líklega má sneiða hjá fornleifum í flestum ef ekki öllum tilfellum, en ef ekki þarf að bregðast við því. Bent er á að allar minjar eldri en 100 ára séu friðaðar og þeim fylgir friðunarsvæði 15 m frá ystu mörkum þeirra. Sjá meðfylgjandi fornleifaskrá fyrir frekari upplýsingar.

Vegna líkinda þess að framkvæmdasvæðið skarist við upprunalega staðsetningu bæjarins Suður-Foss, sérstaklega í suðurhluta rannsóknarsvæðisins, er mælt með að fylgst verði með jarðraski á því svæði af fornleifafræðingi.

Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til, með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands fyrir raski á minjum í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfang og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir. Ef talið sé að öryggi minjanna verði ekki tryggt þarf að sækja um leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja. Samkvæmt íslenskum lögum um menningarminjar skal eftirfarandi reglum fylgt finnast fornminjar.¹¹

¹¹ <https://www.minjastofnun.is/minjar/fridadar-fornleifar/>

Fundur fornminja

Finnast fornminjar (forngripir eða fornleifar) sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökla, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Heimildarskrá

Annálar 1400-1800. 1-8. bindi. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík, 1927-1932.

Einarsson, B. F, 2021. **(2811)** *Fornleifaskráning í Mýrdalshreppi vegna vegagerðar*.

Einarsson, B. F, 2000. **(2639)** *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags við Dyrhólaey í Mýrdalshreppi, V-Skaftafellssýslu*.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. 1925-1927, Kaupmannahöfn.

Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Gunnarsdóttir, K. 2004, **(2607)** *Fornleifaskráning í Vík í Mýrdal. Norður-Vík/Suður-Vík og húsakönnun: Könnun og mat á húsum í Vík*.

Einarsson, B. F, 2000. **(2639)** *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags við Dyrhólaey í Mýrdalshreppi, V-Skaftafellssýslu*.

Hallmundsdóttir, M.H. 2023, **(3115)** *Fornleifaskráning á deiliskipulagsreit í landi Norður Víkur í Mýrdal*.

Hallmundsdóttir, M.H. 2022, **(2757)** *Fornleifaskráning vegna breytinga á deiliskipulag í landi Suður Víkur í Mýrdal*.

Mýrdalshreppur. Vesturhluti Víkur í Mýrdal. Tillaga að verndarsvæði í byggð. Greinargerð. Landmótun. Reykjavík 2018.

Sunnlenskar Byggðir VI, 1985, Skaftárþing. Búnaðarsamband Suðurlands. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson.

Suður-Foss, Ari Gíslason (1967). Örnefnastofnun Íslands.

<http://www.minjastofnun.is/minjar/>

www.sarpur.is

www.nafnið.is

www.islandskort.is

www.lmi.is

<https://www.map.is/minjastofnun/>


<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>



Mynd 7: Yfirlitsmynd yfir rannsóknarsvæðið að Suður-Fossi (KM 2023)



Mynd 8: Rannsóknarsvæðið að Suður-Fossi, horft til suðurs með Reynisfjall í efra vinstra horni (KM 2023)




Mynd 9: Yfirlitsmynd yfir rannsóknarsvæðið að Suður-Fossi sem sýnir leifar af rafstöð og foss. Mögulegar minjar 3117-06 eru sýnilegar (KM 2023)

Aðal nr.	3117-01
Sysla	Vestur-Skaftafellssýsla
Sveitarfélag	Mýrdalshreppur
Landareign	Suður-Foss
Skrásetjari	Dr. Kevin Martin
Dags.	15.09.2023
GPS Staðsetning, ISN 93	E 496819, N 325503
Tegund Minja	Túngarður
Ástand	Sæmilegt – Lélegt
Aldur	1928? Mögulega eldri
Minjagildi, Einkunn	Mið, 5
Varðveislugildi, Einkunn 2	Mið, 5
Friðlýsa	Nei
Friðýst	Nei
Lega of staðhættir	staðsett á norðurhlið rannsóknarsvæðisins
Lýsing	Beinn torfgarður, sýnilegur um 20-30m. Hefur verið flattur út að vestan og sunnan. Allt að 1m hæð og 1.2m breiður.
Annað	Þessi garður fylgir landamerkjum sýnd á túnakorti frá 1928 af Norður-Fossi.




Aðal nr.	3117-02
Sysla	Vestur-Skaftafellssýsla
Sveitarfélag	Mýrdalshreppur
Landareign	Suður-Foss
Skrásetjari	Dr. Kevin Martin
Dags.	15.09.2023
GPS Staðsetning, ISN 93	E 496805, N 325439
Tegund Minja	Veggir úr grjóti
Ástand	Sæmilegt – Lélegt
Aldur	1960-1970
Minjagildi, Einkunn	Litið, 3
Varðveislugildi, Einkunn 2	Litið, 3
Friðlýsa	Nei
Friðýst	Nei
Lega of staðhættir	staðsett um 10m suður af byggingunni innan rannsóknarsvæðisins. Veggurinn markar eystri enda slóða frá haughúsi við fjósið.
Lýsing	Beinn steinveggur. Mikið yfirvaxin af gróðri. Liggur í N-S. Lengd um 7m, hæð 0.7-1m. breidd um 0.5. Steinhleðsla án sýnilegrar steypu.
Annað	Skv. fyrrum landeiganda var veggurinn hlaðinn um 1960-1970.





Aðal nr.	3117-03
Sysla	Vestur-Skaftafellsýsla
Sveitarfélag	Mýrdalshreppur
Landareign	Suður-Foss
Skrásetjari	Dr. Kevin Martin
Dags.	15.09.2023
GPS Staðsetning, ISN 93	E 496807, N 325428
Tegund Minja	Veggir úr grjóti
Ástand	Sæmilegt – Lélegt
Aldur	1950-1960
Minjagildi, Einkunn	Litið, 3
Varðveislugildi, Einkunn 2	Litið, 3
Friðlýsa	Nei
Friðýst	Nei
Lega of staðhættir	staðsett um 2m suður af 3117-02. Hluti af sömu hleðslu með opi á milli.
Lýsing	Beinn hlaðinn veggur. Mikið yfirvaxin af gróðri. Liggur í N-S. lengd um 10.6m, hæð 0.7-1m. breidd um 0.5. Steinhleðsla á sjáanlegri steypu.
Annað	Skv. fyrrum landeiganda var veggurinn hlaðinn um 1960-1970.



Aðal nr.	3117-04
Sysla	Vestur-Skaftafellssýsla
Sveitarfélag	Mýrdalshreppur
Landareign	Suður-Foss
Skrásetjari	Dr. Kevin Martin
Dags.	15.09.2023
GPS Staðsetning, ISN 93	E 496823, N 325406
Tegund Minja	Reykkofi
Ástand	Sæmilegt
Aldur	1960-1980
Minjagildi, Einkunn	Litið, 3
Varðveislugildi, Einkunn 2	Litið, 3
Friðlýsa	Nei
Friðýst	Nei
Lega of staðhættir	Staðsettur á suðvestur hluta rannsóknarsvæðisins
Lýsing	Gerður úr við og tengdur járnörri og eldstæði.
Annað	



Aðal nr.	3117-05
Sysla	Vestur-Skaftafellssýsla
Sveitarfélag	Mýrdalshreppur
Landareign	Suður-Foss
Skrásetjari	Dr. Kevin Martin
Dags.	15.09.2023
GPS Staðsetning, ISN 93	E 496886, N 325319
Tegund Minja	Steyptur veggur
Ástand	Sæmilegt
Aldur	1930-1963
Minjagildi, Einkunn	Litið, 3
Varðveislugildi, Einkunn 2	Litið, 3
Friðlýsa	Nei
Friðýst	Nei
Lega of staðhættir	staðsettur 60m suður af rannsóknarsvæðinu við foss
Lýsing	Nútíma steypur veggur. Líklega hluti af rafstöð sem stóð á svæðinu. Um 1m hár, 0.4m breiður, 13m langur.
Annað	



Aðal nr.	3117-06
Sysla	Vestur-Skaftafellssýsla
Sveitarfélag	Mýrdalshreppur
Landareign	Suður-Foss
Skrásetjari	Dr. Kevin Martin
Dags.	15.09.2023
GPS Staðsetning, ISN 93	E 496876, N 325348
Tegund Minja	Möguleg rúst af mannvirki, veggur
Ástand	Sæmilegt – Lélegt
Aldur	1850-1950
Minjagildi, Einkunn	Mið, 5
Varðveislugildi, Einkunn 2	Mið, 5
Friðlýsa	Nei
Friðýst	Nei
Lega of staðhættir	Staðsett 30m suður af rannsóknarsvæðinu
Lýsing	Ferhyrnt og línulaga. Gæti táknað eitt mannvirki með tveimur rýmum í norðurhluta og vegg sem liggur beinn í suður frá mannvirkinu. Veggir úr torfi og mögulega grjóti. Veggþykkt frá 1-1.8m, 0.8m hátt og vegg lengd frá 6-10m. Innra rými mannvirkisins er 5.5m x 6.8m. Liggur í norður-suður.
Annað	

